

Stykkishólmi, 25. október 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Náttúrustofu Vesturlands um 14. lið frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2008, 1. mál.

Náttúrustofa Vesturlands hefur fengið til umsagnar 14. lið frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2008 (1. mál), en það er sá liður er heyrir undir umhverfisráðuneytið. Náttúrustofan fagnar því að fá tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpið á þessu stigi.

Athugasemdir Náttúrustofunnar lúta að tveim atriðum:

1. Viðbótarframlag til náttúrustofa

Framlag til Náttúrustofu í Stykkishólmi, liður 14-403, 1.13, er áætlað 9,2 milljónir. Þetta er svipuð fjárhæð og verið hefur í framlögðu fjárlagafrumvarpi síðustu ár. Fjárveitingin stendur aðeins undir launum forstöðumanns og grunnrekstri skrifstofu en fjárfesting ríkisins í náttúrustofum nýttist mun betur ef það framlag yrði hækkað verulega.

Rétt er að benda á að Náttúrustofa Vesturlands sendi umsókn til fjárlaganefndar þann 4. október sl. þar sem sótt er um 25 milljónir króna til rannsókna á minkum og örnnum.

Undanfarin ár hafa allar náttúrustofur fengið fjárveitingu til sértækra verkefna með því að sækja um til fjárlaganefndar og erum við þakklátir fyrir það. Fjármagnið hefur verið gríðarlega mikilvægt fyrir starfsemina og styrkt hana á alla vegu. Samkvæmt lið 403 er gert ráð fyrir að fella þá fjárveitingu niður, sem undirritaðir telja ákaflega varhugavert vegna þess hversu lágt grunnframlag til náttúrustofa er.

Að mati undirritaðra væri æskilegt að áðurnefndar fjárveitingar í sérverkefni náttúrustofa yrðu settar í fastari farveg til að styrkja rekstrargrunn náttúrustofa og til að spara tíma sem annars fer í gerð umsókna á náttúrustofum og umfjöllun þeirra á þingi. Þessi farvegur gæti t.d. verið verksamningar til 5 ára um ákveðin verkefni, sem sérsniðin væru að starfsemi hvorrar náttúrustofu.

Náttúrustofur hafa á undanförunum árum sannað gildi sitt og eru mikilvæg viðbót í atvinnu- og menningarflóru á landsbyggðinni, auk þess sem þær hafa styrkt þekkingargrunn í smærri samfélögum. Þessi þróun er ekki síst áðurnefndu framlagi fjárlaganefndar að þakka.

2. Nýjar fjárveitingar til náttúruvannsóknna á vestanverðu Íslandi

Þau gleðilegu tíðindi hafa orðið á undanförunum misserum að nokkrar náttúruvannsóknastofnanir á vestanverðu landinu hafa fengið loforð um myndarlega ríkisstyrki. Þetta eru Háskólasetrin í Bolungarvík og Stykkishólmi, Vör - sjávarvannsóknasetur við Breiðfjörð og Náttúrustofa Vestfjarða.

Náttúrustofa Vesturlands fagnar þessari stefnu ríkisins og telur hana styrkja búsetu á landsbyggðinni og mikilvæga þekkingaröflun um náttúru landsins. Hins vegar er athyglisvert að líta á fjárhæðirnar sem þarna um ræðir og hvernig þær dreifast á áður nefndar stofnanir:

- Háskólasetur í Bolungarvík – 20 milljónir (mótvægisáðgerð) + 8 milljónir (Vestfjarðaaðstoð) = **28 milljónir**.
- Háskólasetur Snæfellsness, Stykkishólmi – **20 milljónir** (mótvægisáðgerð)
- Vör - sjávarvannsóknasetur við Breiðfjörð, Ólafsvík – **20 milljónir**. (mótvægisáðgerð) + 12 milljónir (sérstakur styrkur sjávarútvegsráðuneytisins til tveggja rannsóknaverkefna en er ekki hluti af samkeppnissjóðum) = **32 milljónir**.
- Náttúrustofa Vestfjarða – ef marka má fjárlagafrumvarpið þá virðist sem heildarfjárhæð sem rennur til Náttúrustofu Vestfjarða til viðbótar grunnframlagi ríkis sé 28 milljónir á ári í fimm ár eða **samtals 140 milljónir**. Annars vegar er um að ræða framlag vegna þróunarseturs á Patreksfirði, kr. 8 milljónir á ári (liður 403). Hins vegar er gert ráð fyrir samtals 20 milljónum króna á ári í gegnum Náttúrufræðistofnun Íslands (liður 401); 12 milljónum vegna gróðurkortagerðar, 6 vegna fuglarannsóknna og 2 vegna gróðurrannsóknna. Þetta er með fyrirvara um að samningar takist milli stofnananna.

Heildaraukning í fjárveitingum til náttúruvannsóknastofnana á norðanverðu Vesturlandi nemur því líklega a.m.k. um **240 milljónum** á næstu misserum, sem er gríðarleg aukning og verulega jákvæð þróun. Undirritaðir fagna þeirri stefnumótun Alþingis sem í þessum fjárveitingum felst.


Sérstaka athygli vekur við þessa samantekt að Náttúrustofa Vesturlands er eina náttúruvannsóknastofnunin á svæðinu norðan Borgarfjarðar og vestan Húnaflóa sem ekki hefur fengið vilyrði um sérstaka aukafjárveitingu á næsta ári. Undirritaðir óska eftir að gætt verði samræmis í fjárveitingum til náttúruvannsóknastofnana á Vesturlandi og Náttúrustofa Vesturlands ekki skilin út undan, enda er hún ein öflugasta náttúrustofa landsins (sjá t.d. starfsskýrslur á <http://www.nsv.is/arsskyrslur.htm>). Vonandi er aðeins um mannlega yfirsjón að ræða, sem leiðrétt verður í meðförum Alþingis á næstu vikum.


Á undanförunum árum hefur verið byggð upp framúrskarandi góð aðstaða á Náttúrustofu Vesturlands. Slík uppbygging útheimtir að sjálfsögðu fé en nú þegar þeirri uppbyggingu er lokið, nýtast viðbótarframlög beint til ráðningar starfsfólks, öflunar rannsóknagagna og aukinnar fræðslu til almennings, umhverfisnefnda og

sveitarstjórna. Það á auðvitað ekki á sama hátt við um ungar og nýstofnaðar rannsóknastofnanir.

Að lokum er ítrekuð ánægja undirritaðra með þá stefnu sem stjórnvöld hafa tekið með eflingu rannsóknastarfsemi á landsbyggðinni, enda er þekkingarskortur á náttúrunni áþreifanlegur og fjölgun rannsóknastarfa á landsbyggðinni brýnt framfaramál.

Virðingarfyllst,


Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður


Gretar D. Pálsson, formaður stjórnar